



Skilmálar um „Vasapeninga“

Landsbankinn hf. | Nr. 1539-01 | Janúar 2021

Vasapeningar (hér eftir „Vasapeningar“ eða „kort“) er fyrirframgreitt persónugert greiðslukort útgæfið af Landsbankanum til viðskiptavinar. Viðskiptavinur getur sótt um Vasapeninga fyrir barn á aldrinum 9 til 18 ára. Viðskiptavinur sem sækir um Vasapeninga er reikningseigandi í skilningi Almennra viðskiptaskilmála Landsbankans (hér eftir „reikningseigandi“) og ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á allri notkun kortsins til samræmis við Almenna viðskiptaskilmála Landsbankans.

Reikningseigandi getur sótt um útgáfu Vasapeninga fyrir barn ef reikningseigandi fer með forsjá þess. Ef barn er ekki skráð á sama fjölskyldunúmer og reikningseigandi þarf reikningseigandi að framvísa forræðisvottorði við umsókn um kortið. Þegar sótt er um Vasapeninga skráir reikningseigandi kennitölu þess barns sem á að vera korthafi og hefur heimild reikningseiganda til að nota kortið (hér eftir „korthafi“). Samhliða umsókninni staðfestir reikningseigandi forsjá barnsins. Aðeins það barn sem er tilgreint sem korthafi á kortinu hefur heimild til að nota kortið.

Landsbankinn vinnur persónuupplýsingar um reikningseiganda og korthafa í þeim tilgangi að veita umbeðna þjónustu vegna korta Landsbankans, nánar tiltekið grunn-, samskipta- og fjárhagslegar upplýsingar eins og nánar er lýst í persónuverndarstefnu Landsbankans. Með því að samþykkja skilmála þessa veitir reikningseigandi bankanum jafnframt heimild til að safna, vinna og geyma persónuupplýsingar um reikningseiganda og korthafa og staðfestir að hafa kynnt sér persónuverndarstefnu Landsbankans.

Reikningseigandi fær úthlutað PIN samhliða útgáfu kortsins sem korthafi notar í ákveðnum tilvikum til að staðfesta framkvæmd greiðslu/úttekt með korti. Korthafi og reikningseigandi hafa aðgang að PIN í netbanka. Reikningseigandi skal gæta þess að farið sé leynt með PIN og aðrar upplýsingar um kortið til samræmis við Almenna viðskiptaskilmála Landsbankans. Ef grunur leikur á um misnotkun kortsins eða ef það týnist skal reikningseigandi loka korti og tilkynna ástæður lokunar til bankans. Reikningseigandi ber ábyrgð á að upplýsa korthafa um rétta notkun kortsins í samræmi við skilmála bankans áður en notkun kortsins hefst. Reikningseiganda ber jafnframt að upplýsa korthafa um þá vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg, m.a. að reikningseigandi ásamt korthafa fái báðir upplýsingar um stöðu á kortareikningi og færslufirlit í netbanka.

Til þess að tryggja öruggari notkun kortsins lokar bankinn fyrir færslur hjá söluaðilum sem selja vörur sem almennt eru ekki ætlaðar börnum yngri en 18 ára, s.s. áfengisverslunum og spilavítum (lokað er á viðskipti hjá söluaðilum sem eru með tiltekinn MCC kóða sem settir eru af ISO, alþjóðlega staðlaráðinu).

Bankinn ákveður gildistíma kortsins og skráir hann á kortið. Reikningseigandi getur lokað korti hvenær sem er á gildistíma kortsins. Reikningseigandi getur jafnframt breytt stillingum korts í netbanka og/eða í Landsbankaappi.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans og persónuverndarstefna Landsbankans um Vasapeninga og þá vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg vegna kortsins. Kostnaður við útgáfu kortsins fer eftir verðskrá bankans. Um vexti og verðskrá fer eftir gildandi vaxtatöflu og verðskrá Landsbankans hverju sinni. Bankinn getur hvenær sem er gert breytingar á skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Um breytingar á skilmálum þessum gilda sömu ákvæði og í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans.